

(B. XVI, 7).

Ed. 399. Frumvarp

til laga um skemtanaskatt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Með reglugerð, sem bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og dómsmálaráðherra staðfestir, skal heimilt að leggja skatt á skemtanir fyrir almenning, sem aðganga er seld að. Undantekningar frá skattgjaldsgreiðslu veitir bæjarstjórn eða hreppsnefnd, er sjerstakar ástæður mæla með því, t. d. fyrir skemtanir, sem haldnar eru í góðgerðaskyni eða fræðslu, til að halda uppi listum o. s. frv.

2. gr.

Skattur sá, er í 1. gr. getur, má vera mishár, eftir því hver skemtunin er, en aldrei má hann hærri vera en 20% af aðgöngueyri á skemtun hverja. Hann rennur í bæjarsjóð eða sveitar, en eigi má skattinum verja til venjulegra sveitarþarfa eða til að draga úr byrðum skattgreiðenda.

3. gr.

Í reglugerðum þeim, sem í 1. gr. segir, skal kveðið á um tilhögun skattsins, innheimtu og annað, sem þar að lýtur.

4. gr.

Brot gegn reglugerðum þeim, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum, allt að 1000 krónum, og skal fara með mál, sem risa út af þeim, sem opinber lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

(B. XXXIV, 2).

Nd. 400. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um bráðabirgðalaunaviðbót til embættismanna.

Frá dóms- og kirkjumálaráðherra.

1. Á eftir 10. gr. komi ný grein, svo látandi:

Forsetum Alþingis heimilast að greiða þingmönnum 50 af hundr-
aði af daglegri þóknun þeirra.